



Sóttvarnaráðstafanir eftir innleiðingu skimunar á landamærum vegna COVID-19

Leiðbeiningar til stofnana og fyrirtækja sem sinna
ómissandi innviðastarfsemi

Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvfeinkenni er að ræða.



- Forðist náíð samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvfeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjöl-förnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.

7. september 2020

Efnisyfirlit

1. Tilefni og tilgangur leiðbeininganna	3
2. Leiðbeiningar vegna starfsmanna og ráðgefandi sérfræðinga sem verið hafa á áhættusvæði	3
3. Leiðbeiningar vegna almennings sem sækir þjónustu til sjúkrastofnana/innviðafyrirtækja	5
4. Leiðbeiningar vegna gesta	5
5. Grundvallarsmitgát.....	5
6. Gátlisti starfsmanna	6
7. Ábyrgð starfsmanna sem dvalið hafa á áhættusvæði	6
8. COVID-19 smit á vinnustað.....	7
Viðauki: Leiðbeiningar vegna sóttkvíar við störf	8
1. Sóttkví B eða sóttkví á vinnustað – almennt	8
2. Sóttkví B fyrir starfsmenn í viðkvæmum innviðum	9
3. Sóttkví B í heilbrigðisþjónustu	11
4. Sóttkví B í velferðarþjónustu	13

1. Tilefni og tilgangur leiðbeininganna

Frá og með 15. júní 2020 hafa þeir sem koma til landsins frá [áhættusvæðum](#) getað valið um hvort þeir fara í sýnatöku til veiruleitar, á landamærastöð eða fara í sóttkví í 14 daga. Allir ferðamenn sem velja sýnatöku þurfa nú að fara í tvær sýnatökur með sóttkví á milli í 5–6 daga. Ef sýni reynist jákvætt fer viðkomandi einstaklingur í einangrun og ferðafélagar í sóttkví í 14 daga frá síðasta samneyti við þann smitaða. Þeir sem hafa fengið staðfesta COVID-19 sýkingu hér á landi geta fengið staðfestingu þar um hjá embætti landlæknis (beiðni send á mottaka@landlaeknir.is) sem hægt er að framvísa og fá þannig undanþágu frá sýnatöku eða sóttkví. Ekki verður enn sem komið er metið til undanþágu frá sóttkví ef aðili hefur með sér gögn erlendis frá um fyrri staðfesta sýkingu, nýlega neikvæða veiruleit eða mótefnamælingu, en slíkt getur þó leiðbeint um næstu skref ef veiruleit hér er jákvæð.

Athugið að sýnataka á landamærum getur ekki komið í stað sóttkvíar ef tengsl eru við tilfelli COVID-19 sjúkdóms.

Næmi skimunar af þessu tagi er takmarkað. Því er hugsanlegt að upp komi hópsýkingar í kjölfar þess að farið verður að beita þessari undankomuleið frá sóttkví. Hópsýkingar í ferðaþjónustu munu hafa veruleg áhrif á þá sem þær snerta beint, en hópsýkingar í heilbrigðiskerfinu eða annarri innviðastarfsemi geta þar að auki verið ógn við starfsemi sem öll þjóðin treystir á að gangi snurðulaust fyrir sig.

Eindregið er mælt með því að stofnanir og fyrirtæki sem hafa verið skilgreind sem veitendur ómissandi innviðþjónustu, s.s. heilbrigðisstofnanir, orku- og veitufyrirtæki, matvælaframleiðendur o.s.frv. og aðilar sem sinna þjónustu við áhættuhópa, s.s. aldraða, **beiti áfram sérstökum sóttvarnaráðstöfunum á sínum starfsstöðvum** eftir ferðir starfsmanna erlendis frá, þegar sérfræðingar koma til starfa erlendis frá eða gestir/skjólstæðingar koma á vinnustaðinn/stofnunina skömmu eftir ferð frá áhættusvæði. Öðrum fyrirtækjum og stofnunum er einnig heimilt að nota þessar leiðbeiningar.

Eindregið er mælt til að þeir sem koma inn í landið hlaði niður í síma sína appinu Rakning C-19 og hafi það í símunum í 2 vikur frá komu. Það getur hjálpað til við rakningu smits.

2. Leiðbeiningar vegna starfsmanna og ráðgefandi sérfræðinga sem verið hafa á áhættusvæði

1. Ef þekktur staðfestur fyrri COVID-19 sjúkdómur hér á landi = sóttkví óþörf og **ekki** er mælt með sýnatöku við landamærin. Sama á við ef mótefni hafa mælt í rannsókn hér á landi. Hægt er að óska eftir skriflegri staðfestingu á mottaka@landlaeknir.is.
2. Ef ekki er saga um fyrri, **staðfestan** COVID-19 sjúkdóm eða mælanleg mótefni:
 - a) Sýnataka við komu reynist jákvæð. Covid göngudeild Landspítala mun þá hafa samband við viðkomandi og boða í mótefnamælingu (gert samdægurs eða daginn eftir, verð er

innifalið í sýnatökugjaldi við komu) og setja í einangrun. Ef mótefna­mæling er jákvæð er það merki um fyrri sýkingu. Einangrun aflétt þegar mótefna­mæling liggur fyrir, sóttkví **óþörf**.

- b) Sýnataka við komu jákvæð og **ekki** merki um fyrri sýkingu skv. mótefna­mælingu: **Einangrun** þar til 14 dagar eru liðnir frá fyrstu einkennum/sýnatöku OG 7 dagar frá síðustu einkennum.
- c) Sýnataka við komu neikvæð: Viðkomandi fer í sóttkví fram yfir seinni skimun 5 dögum síðar. Tölvupóstur um hvenær hann á að mæta í síðari sýnatöku: Í Reykjavík á að mæta að Suðurlandsbraut 34, jarðhæð, 108 Reykjavík. Sýna þarf skilríki og strikamerkið sem er í tölvupóstinum sem kom með upplýsingum um mætingu. Utan höfuðborgarsvæðis þarf að mæta eða bóka tíma á heilsugæslustöð sem sinnir landamæraskimun og mæta með strikamerkið og skilríki: Suðrunes, Selfoss, Vestmannaeyjar, Höfn, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður, Borgarnes.
- d) Mælt er með frekari varúðarráðstöfunum þar sem vinnustaður er annars vegar, þótt slakað sé á opinberri kröfu um sóttkví.
- Notast má við þær ráðstafanir sem hingað til hafa tíðkast í sóttkví B eða útfærslur af þeim (sóttkví C) skv. reglum hvernar stofnunar/fyrirtækis.
 - Einnig kemur til greina að nota tilfærslu í starfi/takmörkun á verk­sviði þar til sóttkví hefði verið lokið, sambærilegt og tíðkast á sjúkrastofnunum á in­flúensutíma þegar starfsmaður er ekki bólusettur.
 - Ef vinnustaður óskar eftir því að starfsmaður sé alfarið frá störfum þar til sóttkví hefði annars verið lokið þarf stofnun/fyrirtæki að skoða hver ber kostnað af þeirri ráðstöfun þegar hún er ekki að kröfu heilbrigðisyfirvalda.
- e) Sýni ekki tekið við komu: Sóttkví skv. reglum heilbrigðisyfirvalda. Forsenda fyrir vinnusóttkví frá komu er að viðkomandi fari í tvær sýnatökur og fari í stutta sóttkví en hægt er þá að sækja um vinnusóttkví þann tíma.

Við þessar aðstæður eru þó nokkrir möguleikar sem koma til greina:

- Formleg 14 daga sóttkví kláruð áður en hefur störf. Þetta er áreiðanlegasta leiðin til að hindra að smit berist inn á vinnustað þar sem mjög litlar líkur eru á að smitkeðja komi upp eftir að sóttkví lýkur ef engin einkenni koma fram á sóttkvíartímabili.
- Ef sóttkví áður en viðkomandi hefur störf er ekki fýsileg:
 - Sóttkví við störf (sóttkví B) skv. leiðbeiningum sóttvarnalæk­nis og/eða viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Viðkomandi velur þá tvær sýnatökur en hægt er að sækja um sóttkví B vegna vinnu á milli sýnatöku.
 - Mótefna­mæling hér. Sýni sent á LSH á kostnað stofnunar sem sendir (vinnuveitanda). **Starfsmaður skal fylgja reglum um sóttkví/sóttkví B meðan niðurstöðu er beðið.** Ef niðurstöður benda til að starfsmaður hafi þegar myndað mótefni gegn SARS-CoV-2 má sækja um að sóttkví verði felld niður hjá sóttvarnalækni. Ef ekki eru merki um að starfsmaður hafi þegar mótefni gegn SARS-CoV-2 skal beita sóttkví B.

3. Leiðbeiningar vegna almennings sem sækir þjónustu til sjúkrastofnana/innviðafyrirtækja

Mælt er með að spurt sé um ferðasögu og einkenni COVID-19 þegar einstaklingur óskar eftir þjónustu. Ef um bókaða tíma er að ræða er rétt að slíkt sé gert **áður** en viðkomandi sækir stofnun/fyrirtæki heim (í síma, með sms o.s.frv.) en annars má setja upp veggspjöld við innganga og/eða spyrja viðkomandi um ferðasögu og einkenni þegar hann sækir þjónustuna. Athugið að varúðarráðstafanir vegna COVID-19 ættu ekki að tefja neyðarþjónustu.

4. Leiðbeiningar vegna gesta

- Mælt er með að stofnanir og fyrirtæki setji reglur um heimsóknir sem tryggja eins og kostur er að:
 - Bein samskipti starfsmanna við gesti sem mögulegt er að hafi nýlega ferðast frá áhættusvæði séu sem minnst.
 - Ekki sé hætt á að gestir sem nýlega hafa ferðast frá áhættusvæði blandist að óþörfu við aðra gesti, viðskiptavinum eða skjólstæðinga sem ekki er kunnugt um ferðasöguna. Í þessu felst að hugsanlegt er að í sumum tilvikum verða gestir beðnir um að heimsækja **ekki** stofnanir og fyrirtæki innan 14 daga frá komu til landsins frá áhættusvæði.
- Mælt er með að einstaklingar frá [áhættusvæðum](#) sem komast hjá 14 daga sóttkví vegna sýnatöku á landamærum heimsæki **ekki** öldrunarstofnanir eða sjúkrastofnanir nema að undangengnu samráði við viðkomandi stofnun og þá mögulega með sérstökum varúðarráðstöfunum s.s. notkun hlífðarbúnaðar.

5. Grundvallarsmitgát

Ávallt skal viðhafa [grundvallarsmitgát](#) gagnvart fólki, hvort sem það lítur út fyrir að vera veikt eða ekki.

Í grundvallarsmitgát felst m.a. eftirfarandi:

- Almenn handhreinsun, þ.e. handþvottur og/eða notkun handspritts eftir snertingu við mengað yfirborð.
- Sýna varúð við hósta eða hnerra og hreinsa hendur ef hendur gætu hafa mengast af dropum.
- Greiður aðgangur að einnota hlífðarhönskum eða vinnuhönskum eftir atvikum og eðli starfs. Hreinsa skal hendur eftir notkun þeirra.
- Notið hreinan búnað og hrein áhöld fyrir hvern og einn, rjúfið smitleiðir.

- Vera með einnota hlífðarhanska, plastsvuntu og einnota tusku þegar hreinsa þarf blóð, ælu eða aðra líkamsvessa. Einnota búnaður er settur í poka sem má fara í almennt sorp eftir notkun.

6. Gátlisti starfsmanna

Þegar hluti starfsliðs hefur verið á hættusvæði innan 14 daga ættu allir starfsmenn að:

- Efla sýkingavarnir með góðu hreinlæti og beita grundvallarsmitgát öllum stundum.
- Þekkja einkenni COVID-19 sýkingar og smitleiðir veirunnar:
 - Helstu einkenni: Hiti $>38^{\circ}\text{C}$, hósti, mæði, verkir (höfuð-, vöðva-, bein-) og slappleiki, sumir fá vægari kvefeinkenni, hálssærindi eða taka eftir breytingum á bragð- og lyktarskyni.
 - Smitleiðir: Dropasmit frá öndunarferum og snertismit ef dropar hafa mengað hendur eða yfirborð sem aðrir snerta.
- Kynna sér reglur sem gilda á vinnustaðnum fyrir starfsmenn, skjólstaðinga/viðskiptavini eða gesti sem hafa dvalið á áhættusvæði innan 14 daga.
- Upplýsa næsta yfirmann ef grunur vaknar um COVID-19 á vinnustað.
- Vera reiðubúinn að sinna samstarfsmanni, skjólstaðingi eða gesti með einkenni COVID-19 með viðeigandi varúðarráðstöfunum. Sjá nánar fyrir [heilbrigðisstarfsmenn](#) og [aðra aðila](#).

7. Ábyrgð starfsmanna sem dvalið hafa á áhættusvæði

Starfsmenn sem dvalið hafa á áhættusvæði en komast hjá formlegri sóttkví vegna skimunar eða starfa í sóttkví þurfa að fylgjast með einkennum skv. eftirtöldu:

- Hiti $>38^{\circ}\text{C}$ [ath! ef eiginleg sóttkví á vinnustað er mælt með a.m.k. daglegri hitamælingu].
- Kvef eða hálssærindi, skyndileg breyting á lyktar- eða bragðskyni.
- Nýtilkominn hósti eða mæði.
- Þreyta, vöðva- eða beinverkir, höfuðverkur.

Ef einkenni koma fram skal draga sig í hlé eða fara heim ef við störf, láta yfirmann vita af einkennum og hafa samband við heilsugæslu til að óska eftir læknisfræðilegu mati m.t.t. COVID-19.

8. COVID-19 smit á vinnustað

Ef upp kemur staðfest smit hjá starfsmanni fer af stað rakningarferli á vinnustað á vegum rakningateymis. Hreinlætisreglur sem settar hafa verið á vinnustaðnum s.s. sérsalerni fyrir þá sem hafa dvalið á [áhættusvæði](#), umgengnistakmarkanir s.s. hópaskipting starfsmanna og mögulega notkun hlífðarbúnaðar geta dregið úr smithættu til annarra starfsmanna og skjólstæðinga eða viðskiptavina. Notkun rakningarapps getur hjálpað til við að meta hverjir þurfa raunverulega að fara í sóttkví við slíkar aðstæður. Útfærsla sóttkvíar B er möguleg þrátt fyrir tengsl við tilfelli fyrir stofnanir og fyrirtæki sem sinna ómissandi innviðastarfsemi en hætta á hópsýkingu sem getur haft veruleg áhrif á starfsemina eykst við þær aðstæður.

Sjá [leiðbeiningar um smit á vinnustöðum](#) og [leiðbeiningar til framlínustarfsmanna í atvinnulífi](#) en þar er meðal annars kafli um þrif. Þær leiðbeiningar eru til á [ensku](#) og [fleiri tungumálum](#).

Viðauki: Leiðbeiningar vegna sóttkvíar við störf

1. Sóttkví B eða sóttkví á vinnustað – almennt

Sóttkví B

Við sérstakar aðstæður, þar sem sóttvarnaráðstafanir uppfylla skilyrði m.t.t. nándar við starfsmenn sem ekki eru í sóttkví og hreinlætisaðstöðu, kann að koma til þess að einstaklingar sem starfa við skilgreinda ómissandi starfsemi, s.s. matvælaframleiðslu sem eru í sóttkví fái heimild til að snúa til vinnu sem ekki felur í sér bein samskipti við almenning. Slík sóttkví kallast sóttkví B til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví. Þá gilda öll ákvæði [sóttkvíar í heimahúsi](#) utan vinnustaðar en á vinnustað eru sérstakar reglur til að útvíkka megi staðsetningu sóttkvíar til vinnustaðar.

Skilyrði fyrir sóttkví B

1. Brýn þörf er fyrir vinnuframlag viðkomandi starfsmanns að mati yfirmanna til að tryggja áframhaldandi starfsemi.
2. Starfsmaður er **einkennalaus**

Starfsmenn þurfa að fylgjast með einkennum daglega skv. eftirtöldu:

- Mæla hita kvölds og morgna – ef yfir 38°C þarf að mæla aftur eftir 30 mín. Ef yfir 38°C má ekki fara til vinnu og skal láta yfirmann og heilsugæslu vita af einkennum.
- Jafnvel þótt hiti sé eðlilegur þarf að fylgjast með öðrum einkennum:
 - Kvef eða hálsærindi, skyndileg breyting á lyktar- eða bragðskyni
 - Nýtilkominn hósti eða mæði
 - Þreyta, vöðva- eða beinverkir, höfuðverkur

Ef einhver þessara einkenna koma fram skal láta yfirmann vita af einkennum, halda sig í gistirými sóttkvíar og hafa samband við heilsugæslu til að óska eftir læknisfræðilegu mati m.t.t. COVID-19.

- Ef einkenni koma fram meðan viðkomandi er í vinnu þarf hann að ganga frá starfsstöð þannig að öðrum stafi ekki hætta af aðstæðum á starfsstöð og fara svo rակleitt í gististað. Þaðan skal hann hafa samband við yfirmann, og heilsugæslu á svæðinu/vaktsíma 1700.
3. Æskilegt er að einstaklingur í sóttkví hafi sér-gistiaðstöðu þar sem aðrir ganga ekki um meðan á sóttkví stendur. Sérstaklega er óæskilegt að óskyldir einstaklingar deili gistiaðstöðu í sóttkví og blöndun í gistirými milli óskyldra einstaklinga sem sumir eru í sóttkví en aðrir ekki er óleyfileg. Starfsmaður í sóttkví sem gistir á stað þar sem ákveðin rými eru sameiginleg með einstaklingum sem ekki eru í sóttkví þarf að gæta sérstaklega vel að því að dvelja ekki í sameiginlegum rýmum, snerta ekkert sem aðrir nota í sameiginlegum rýmum nema sótthreinsa það á eftir (s.s. hurðarhúna, ljósrofa) og geyma skal allar eigur eða búnað þess sem er í sóttkví í sérrýmum hans en ekki í andyri eða öðrum sameiginlegum rýmum húsnæðis.
 4. Starfsmaður sinnir handhreinsun skv. grundvallarsmitgát að lágmarki fyrir og eftir umgengni um sameiginleg rými, fyrir og eftir notkun búnaðar á vinnustað, eftir salernisferðir, fyrir neyslu matvæla. Ef hanskar eru notaðir við störf (vinnuhanskar eða einnota hanskar) þarf að sinna handhreinsun fyrir og eftir notkun hanska. Sjá leiðbeiningar um [skynsamlega notkun hanska](#).
 5. Starfsmaður í sóttkví B ætti að hafa aðgang að sér salerni og ef aðrir þurfa að nota sama salerni þarf að þrifa sameiginleg yfirborð salernisins með sápuvatni og/eða strjúka yfir með sótthreinsiefni skv. leiðbeiningum frá framleiðanda sótthreinsiefnis eftir hverja notkun. Blöndun starfsmanna sem eru í sóttkví við starfsmenn sem ekki eru í sóttkví er ekki æskileg og óheimilt er að starfsmaður í sóttkví

noti hvíldaraðstöðu sem aðrir starfsmenn nota líka. Ef slíkt er óhjákvæmilegt og fjarlægð getur ekki verið meiri en 1 metri ættu báðir starfsmenn að bera andlitsgrímu.

2. Sóttkví B fyrir starfsmenn í viðkvæmum innviðum

- Starfsmenn sem sinna viðhaldi og viðgerðum á raforkuneti, öðrum orku- eða fráveitum, samskiptaneti eða öðrum mikilvægum innviðum samfélagsins eru almennt ekki undanþegnir kröfum um sóttkví vegna ferðalaga eða tengingar við tilfelli.
- Ef hætt er við að öryggi almennings sé ógnað vegna skorts á þjálfuðu starfsfólki til að sinna viðhaldi eða brýnum viðgerðum á slíkum innviðum en þjálfað starfsfólk er einkennalaust í sóttkví, má sækja um undanþágu til að beita sóttkví B (sjá hér að neðan).

Sóttkví B

Við sérstakar aðstæður, þar sem aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að þjálfaðir starfsmenn sem eru í sóttkví fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast sóttkví B til aðgreiningar frá hinn almennu sóttkví. Hér er um sérstaka aðgerð að ræða í ljósi mjög krefjandi umhverfis við fordæmalausar aðstæður. [Sækja þarf um](#) til sóttvarnalæknis, í samráði við starfsmann sem um ræðir. Undanþágubeiðni skal senda á svl@landlaeknir.is um leið og ljóst er að hennar verði þörf. Ef starfsmenn með ákveðna sérþekkingu eru allir í sóttkví eða forfallaðir af öðrum orsökum (t.d. á ákveðnu landsvæði) þá má sækja um sérstaka sóttkví þótt ekki liggi fyrir að starfsmaður þurfi að fara í útkall. Athugið að undanþágan er aðeins í gildi meðan starfsmaður sinnir brýnum störfum en utan vinnutíma eru almenn ákvæði um sóttkví í fullu gildi þar til sóttkvíartíma lýkur. Ef um **neyðartilvik** er að ræða, þá getur neyðarstjórn fyrirtækis/stofnunar kallað út viðeigandi mannskap en sækja skal um sérstaka sóttkví um leið og útkall er virkjað, þótt afgreiðsla umsóknar klárast mögulega ekki fyrr en að útkalli loknu. Athugið að ef ekki er beðið um sérstaka sóttkví í slíkum tilvikum er um [brot á reglum um sóttví](#) skv. sóttvarnalögum nr. 19/1997 að ræða.

Skilyrði fyrir sóttkví B:

1. Brýn þörf er fyrir vinnuframlag viðkomandi starfsmanns að mati yfirmanna til að tryggja öryggi almennings. Starfsmaður ætti að vera skráður í sóttkví þótt sérstök sóttkví sé veitt vegna starfs og utan vinnutíma á að fylgja almennum reglum um sóttkví.
2. Starfsmaður er **einkennalaus**

Starfsmenn þurfa að fylgjast með einkennum daglega skv. eftirtöldu:

- Mæla hita kvölds og morgna – ef yfir 38°C þarf að mæla aftur eftir 30 mín. Ef yfir 38°C má ekki fara til vinnu og skal láta yfirmann og heilsugæslu vita af einkennum.
- Jafnvel þótt hiti sé eðlilegur þarf að fylgjast með öðrum einkennum:
 - Kvef eða hálssærindi
 - Hósti eða mæði
 - Þreyta, vöðva- eða beinverkir, höfuðverkur

Ef einhver þessara einkenna koma fram skal láta yfirmann vita af einkennum og hafa samband við heilsugæslu til að fá úr því skorið hvort þörf er á læknisfræðilegu mati m.t.t. COVID-19.

- Ef einkenni koma fram meðan viðkomandi er í vinnu þarf hann að hafa samband við yfirmann og fara heim.

3. Starfsmaður í sóttkví reynir eftir fremsta megni að halda sig í 1 metra fjarlægð frá samstarfsfólki nema hann sé í sérstökum hlífðarbúnaði. Starfsmaður í sóttkví notar hlífðarbúnað í **allri umgengni** við aðra á vinnustað, samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum að lágmarki:
 - Skurðstofugríma ef einkennalaus og innan 1 metra frá öðrum – skipt um ef mengast/orðin rök.
 - Fari heim með grímu undireins ef einkenni koma fram.
 - Hreinir vinnuhanskar eða einnota hanskar við öll verk þar sem því verður við komið – hreinsa hendur oft, sérstaklega fyrir og eftir verk þar sem ekki er hægt að nota hanska. Yfirborð sem þarf að snerta með berum höndum skal sótthreinsa að verki loknu.
 - Hreinn hlífðarfatnaður (s.s. vinnugalli) ef þurfa að starfa innan 1 m frá öðrum starfsmönnum.

Ef hluti starfsmanna er ekki í sóttkví en þarf að umgangast starfsmenn sem eru í sóttkví, er ákjósanlegt að allir starfsmenn hafi greiðan aðgang að hlífðarbúnaði og ef starfsmenn sem ekki eru í sóttkví þurfa að starfa innan 1 metra frá starfsmanni í sóttkví eiga báðir að vera í öllum ofantöldum hlífðarbúnaði.

4. Starfsmaður sinnir handhreinsun fyrir og eftir notkun hlífðarbúnaðar.
5. Starfsmaður í sóttkví B ætti ekki að sitja í farartæki með öðrum starfsmönnum heldur hafa aðgang að sérfarartæki, jafnvel þótt aðrir fari á sama stað til að sinna ákveðnu verki. Ef þetta er ógerlegt, t.d. ekki til fleiri en eitt farartæki sem kemst á stað þar sem viðgerð fer fram vegna færðar, þá ættu báðir aðilar að vera með skurðstofugrímu ef þær eru fánlegar, farþegi ætti helst ekki að sitja við hlið bílstjóra ef annað er mögulegt, báðir ættu að snerta sem minnst í farartækinu og nota handhreinsun (og/eða hanska) og sótthreinsun yfirborða til að draga úr hættu á smiti ef einkenni skyldu gera vart við sig meðan á verki stendur. Forðast ætti að skiptast á að aka farartækinu nema hægt sé að sótthreinsa yfirborð sem bílstjóri og farþegi snerta á milli einstaklinga.
6. Starfsmaður í sóttkví B ætti ekki að vera við störf í bækistöð þar sem aðrir starfsmenn eru samtímis. Ef það er óhjákvæmilegt, þá sækir starfsmaður í sóttkví B ekki sameiginleg rými starfsmanna heldur þarf að hafa aðstöðu þar sem hann einn gengur um meðan á sóttkví stendur. Þar sem hluti starfsmanna er ekki í sóttkví er mikilvægt að þeir sem ekki eru í sóttkví hafi aðgang að salerni sem einstaklingar í sóttkví nota ekki. Ef aðrir þurfa að nota salerni eða rými sem starfsmaður í sóttkví hefur notað (á sömu vakt eða öðrum vöktum) þarf að þrifa sameiginleg yfirborð eftir hverja notkun með sápuvatni og/eða strjúka yfir með sótthreinsiefni skv. leiðbeiningum frá framleiðanda sótthreinsiefnis.

Sjá einnig leiðbeiningar um þrif í [leiðbeiningum til framlínustarfsmanna](#) og [nánari leiðbeiningar til starfsmanna sem þurfa að fara inn á heimili eða í fyrirtæki vegna viðgerða](#).

3. Sóttkví B í heilbrigðisþjónustu

- Starfsmenn sem sinna heilbrigðisþjónustu eru almennt ekki undanþegnir kröfum um sóttkví vegna ferðalaga eða tengingar við tilfelli þar sem ekki var notaður hlífðarbúnaður í samskiptum við tilfelli.
- Ef hætt er við að öryggi sjúklinga sjúkrastofnunar sé ógnað vegna skorts á þjálfuðu starfsfólki en þjálfað starfsfólk er einkennalaust í sóttkví, má sækja um undanþágu til að beita sóttkví B.

Sóttkví B

Við sérstakar aðstæður, þar sem aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að þjálfaðir starfsmenn sem eru í [sóttkví/heimasmitgát](#) fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast sóttkví B til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví. Hér er um sérstaka aðgerð að ræða í ljósi mjög krefjandi umhverfis við fordæmalausar aðstæður.

Skilyrði fyrir sóttkví B:

1. Nauðsynleg þörf er fyrir vinnuframlag viðkomandi starfsmanns að mati yfirmanna til að tryggja öryggi sjúklinga. Starfsmaður ætti að vera skráður í sóttkví þótt sérstök sóttkví sé veitt. Skráning í sóttkví og merking í sérstaka sóttkví á vinnustað/sóttkví B fer fram hjá sóttvarnalækni við umsókn um sóttkví B ef ástæða sóttkvíar er ferð erlendis frá og óskað ef eftir sóttkví B áður en ferðast er hingað til lands. Ef tenging við tilfelli hefur leitt til skráningar á vegum rakningateymis almannavarna sér sóttvarnalæknir um skráningu í sóttkví B þegar umsókn hefur verið samþykkt.

2. Starfsmaður er **einkennalaus**.

Starfsmenn þurfa að fylgjast með einkennum daglega skv. eftirtöldu:

- Mæla hita kvölds og morgna – ef yfir 38°C þarf að mæla aftur eftir 30 mín. Ef yfir 38°C má ekki fara til vinnu og skal láta yfirmann og heilsugæslu vita af einkennum.
- Jafnvel þótt hiti sé eðlilegur þarf að fylgjast með öðrum einkennum:
 - Kvef eða hálsærindi, skyndileg breyting á lyktar- eða bragðskyni
 - Hósti eða mæði
 - Preyta, vöðva- eða beinverkir, höfuðverkur

Ef einhver þessara einkenna koma fram skal láta yfirmann vita af einkennum og hafa samband við heilsugæslu til að óska eftir læknisfræðilegu mati m.t.t. COVID-19 ef ekki er hægt að sinna slíku á stofnun þar sem viðkomandi starfar.

- Ef einkenni koma fram meðan viðkomandi er í vinnu þarf hann að hafa samband við yfirmann, draga sig sem mest í hlé og hafa sem minnst samskipti við samstarfsmenn og sjúklinga.
 - Ef samskipti eru óhjákvæmileg vegna öryggis sjúklinga á starfsmaður með einkenni að nota veiruhelda grímu ÁN VENTILS auk hlífðarslopps og hanska.
 - Ef öryggi sjúklinga er ekki ógnað við það skal veikur starfsmaður fara heim sem fyrst.
3. Starfsmaður í sóttkví reynir eftir fremsta megni að halda sig í 1 metra fjarlægð frá samstarfsfólki nema hann sé í hlífðarbúnaði. Starfsmaður notar hlífðarbúnað í **allri umgengni** við sjúklinga, samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum að lágmarki en stofnun má setja strangari kröfur um hlífðarbúnað við störf.
 - Skurðstofugríma ef einkennalaus og innan 1 metra frá sjúklingi – skipt um ef mengast/orðin rök.
 - Veiruheld gríma ef starfsmaður veikist á vakt.
 - Hanskar ef er inni á sjúklingaherbergi og þarf að koma við yfirborð þar – skipta um eftir hver samskipti.

- Langerma hlífðarsloppur við skoðun sjúklinga – skipt um ef tilefni til að varast snertismit frá sjúklingi, ef smitefni berst á sloppinn og farið úr að loknum sjúklingasamskiptum (s.s. eftir stofugang).
 - Venjuleg handhreinsun/skrúbb og hlífðarbúnaður er notaður á skurðstofu.
4. Starfsmaður sinnir handhreinsun skv. grundvallarsmitgát fyrir og eftir notkun hlífðarbúnaðar.
 5. Starfsmaður í sóttkví B sækir ekki sameiginleg rými starfsmanna heldur þarf að hafa aðstöðu þar sem hann einn gengur um meðan á sóttkví standur. Starfsmaður í sóttkví B þarf að hafa aðgang að sérsalerni heila vakt og ef aðrir þurfa að nota það á næstu vakt þarf að þrifa sameiginleg yfirborð salernisins með sápuvatni og/eða strjúka yfir með sótthreinsiefni skv. leiðbeiningum frá framleiðanda sótthreinsiefnis.
 6. Engin krafa er gerð um veirupróf af hálfu sóttvarnalæknis þegar beita á þessu úrræði, enda skuli nota hlífðarbúnað til að hindra smit til annarra ef starfsmaður skyldi veikjast meðan hann er í sóttkví B. Stofnun getur gert kröfu um veirupróf þótt starfsmaður sé einkennalaus til að draga enn frekar úr hættu á smiti til annarra, fyrir alla starfsmenn í sóttkví B eða á ákveðnum starfsstöðvum.

4. Sóttkví B í velferðarþjónustu

- Ef þjónustuvegi er í **sóttkví** þarf að gæta sérlega vel að hreinlæti og starfsmenn nota hlífðarbúnað **ef** hætta er á snertingu við líkamsvessa.
- Ef þjónustuvegi er í **einangrun** skulu starfsmenn nota langerma hlífðarslopp, hanska og veiruhelda grímu við alla aðhlyningu.
- Ef starfsmaður sem sinnir þjónustu við einstaklinga í sóttkví hefur einnig verið útsettur fyrir COVID-19 sjúkdómi og mönnun er fullnægjandi í fjarveru hans, skal starfsmaður vera í heimasóttkví og ekki við störf meðan sóttkví stendur yfir.
- Ef hætt er við að öryggi þjónustuvega í sóttkví eða einangrun sé ógnað vegna skorts á þjálfuðu starfsfólki en þjáfað starfsfólk sem þekkir til þarfa viðkomandi er einkennalaust í sóttkví, má sækja um undanþágu til að beita sóttkví B (sjá hér að neðan).

Sóttkví B

Við sérstakar aðstæður, þar sem aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að starfsmenn sértækra úrræða fyrir fatlaða einstaklinga og aðra þjónustuvega sem eru í sóttkví fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast sóttkví B til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví. Hér er um sérstaka aðgerð að ræða í ljósi mjög krefjandi umhverfis við fordæmalausar aðstæður.

Skilyrði fyrir sóttkví B:

2. Nauðsynleg þörf er fyrir vinnuframlag viðkomandi starfsmanns að mati yfirmanna til að tryggja öryggi þjónustuvega **sem einnig eru í sóttkví, eða í einangrun.**
3. Starfsmaður er **einkennalaus**

Starfsmenn þurfa að fylgjast með einkennum daglega skv. eftirtöldu:

- Mæla hita kvölds og morgna – ef yfir 38°C þarf að mæla aftur eftir 30 mín. Ef yfir 38°C má ekki fara til vinnu og skal láta yfirmann og heilsugæslu vita af einkennum.
- Jafnvel þótt hiti sé eðlilegur þarf að fylgjast með öðrum einkennum:
 - Kvef eða hálssærindi, skyndileg breyting á lyktar- og/eða bragðskyni
 - Hósti eða mæði
 - Þreyta, vöðva- eða beinverkir, höfuðverkur

Ef einhver þessara einkenna koma fram skal láta yfirmann vita af einkennum og hafa samband við heilsugæslu til að óska eftir læknisfræðilegu mati m.t.t. COVID-19.

- Ef einkenni koma fram meðan viðkomandi er í vinnu þarf hann að hafa samband við yfirmann, draga sig sem mest í hlé og hafa sem minnst samskipti við þjónustuvega.
 - Ef samskipti eru óhjákvæmileg vegna öryggis þjónustuvega á starfsmaður með einkenni að nota veiruhelda grímu ÁN VENTILS auk hlífðarslopps og hanska.
 - Ef öryggi þjónustuvegans er ekki ógnað við það skal veikur starfsmaður fara heim sem fyrst.
4. Starfsmaður notar hlífðarbúnað í **allri umgengni** við þjónustuvega þótt báðir séu í sóttkví
 - Langerma hlífðarsloppur
 - Hanskar
 - Skurðstofugríma ef báðir í sóttkví
 - Veiruheld gríma ef þjónustuvegi í einangrun eða starfsmaður veikist á vakt.
 5. Starfsmaður sinnir handhreinsun skv. grundvallarsmitgát fyrir og eftir notkun hlífðarbúnaðar.
 6. Starfsmaður í sóttkví B sinnir **ekki** þjónustuvegum sem ekki eru í sóttkví og sækir ekki sameiginleg rými heimilisfólks eða starfsmanna. Starfsmaður í sóttkví B þarf að hafa aðgang að sérsalerni heila

vakt og ef aðrir þurfa að nota það á næstu vakt þarf að þrifa sameiginleg yfirborð salernisins með sápuvatni og/eða strjúka yfir með sótthreinsiefni skv. leiðbeiningum frá framleiðanda sótthreinsiefnis.